

**Steinull hf.**

**kt. 590183-0249**

**Skýrsla um grænt bókhald  
2005**

## Efnisyfirlit

1	<i>Inngangur</i>	1
2	<i>Staðfesting stjórnar</i>	1
3	<i>Áritun endurskoðenda</i>	2
4	<i>Verksmiðjusvæðið</i>	3
5	<i>Umhverfisáhrif verksmiðjunnar</i>	3
6	<i>Umhverfisstefna</i>	3
7	<i>Framleiðsluferli</i>	3
8	<i>Aðföng og orka</i>	4
8.1	<i>Hráefnanotkun</i>	4
8.2	<i>Orka</i>	4
8.3	<i>Vatn</i>	4
8.4	<i>Bindiefsni</i>	5
8.5	<i>Rafskaut</i>	5
8.6	<i>Smurolía</i>	5
8.7	<i>Álímingarefni</i>	5
8.8	<i>Umbúðir</i>	5
9	<i>Útblástur</i>	5
10	<i>Rekstur hreinsivirkja</i>	6
11	<i>Hávaði</i>	6
12	<i>Afrennсли</i>	6
13	<i>Fastur úrgangur</i>	6
14	<i>Flutningar</i>	7
15	<i>Massajafnvægi</i>	8
15.1	<i>Efni inn árið 2005</i>	9
15.2	<i>Efni út árið 2005</i>	10
15.3	<i>Orkunotkun 2005</i>	11
15.4	<i>Hjálparefni 2005</i>	11

## 1 Inngangur

Framleiðsla á steinull á Sauðárkróki hófst árið 1985 og hefur Steinull h.f. síðan verið öflugasti framleiðandi einangrunar á Íslandi. Fyrirtækið framleiðir varma-, hita-, hljóð- og brunaeinangrun til notkunar í byggingum og til einangrunar á lögnum og tækjabúnaði. Steinull h.f. er hlutafélag í eigu fimm aðila þar sem BYKO, Húsasmíðjan og Kaupfélag Skagfirðinga eiga 24,5% hvert, Steinullarfélagið ehf. 15% og finnska félagið Paroc Group OY AB 11,5%. Nafn fyrirtækisins var í upphafi Steinullarverksmiðjan h.f. en var breytt í Steinull h.f. árið 2002.

Stjórn fyrirtækisins sem kjörin var á aðalfundi 13. maí 2005 skipa: Kaj Westerén form., Einar Einarsson, Guðmundur H. Jónsson, Steinar Berg Björnsson og Stefán Guðmundsson.

Framkvæmdastjóri er Einar Einarsson og verksmiðjustjóri Guðmundur Örn Guðmundsson.

Verksmiðjan starfar í samræmi við starfsleyfi fyrir Steinullarverksmiðju á Sauðárkróki útgefnu af Heilbrigðis og Tryggingamálaráðherra 30. september 1985. Eftirlitsaðili starfsleyfis er Umhverfisstofnun. Starfsemi fyrirtækisins tilheyrir fyrirtækjaflokki 3.4 samkvæmt fylgiskjali með reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

## 2 Staðfesting stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Steinullar hf. staðfesta hér með grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2005 með undirritun sinni en skýrslan er gerð í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Sauðárkróki 29. apríl 2006.

*Einar Einarsson frakusti*  
*Guðmundur H. Jónsson*  
*Steinar Berg Björnsson*

### 3 Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Steinullar hf. um grænt bókhald fyrir árið 2005. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Steinullar hf. um grænt bókhald á árinu 2005 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á því að stjórnendur félagsins hafa kosið að nýta sér heimildir í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald til að birta ákveðnar upplýsingar sem hlutfallstörlur með vísan til þess að um framleiðslaleyndarmál sé að ræða. Í endurskoðun okkar felst ekki mat á því hvort slík framsetning sé viðeigandi þar sem það er hlutverk útgefanda starfsleyfisins að skera úr um slíkt.

Reykjavík, 30. apríl 2005.

*KPMG Endurskoðun hf.*



## 4 Verksmiðjusvæðið

Verksmiðjan er staðsett í samræmi við aðal- og deiliskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar nyrst á svokallaðri Eyri á Sauðárkróki og er ekki í næsta nágrenni við íbúðabyggð. Næstu nágrannar eru steypustöð, byggingavöruverslun, refabú, sláturhús, og fiskiðjuver. Um það bil 500 metrar eru til hafnarinnar.

Meðfram verksmiðjunni að norðan rennur Gönguskarðsá til sjávar og frá henni notar verksmiðjan vatn til kælingar á vélbúnaði.

## 5 Umhverfisáhrif verksmiðjunnar

Eins og fram kemur hér að framan hefur steinullarverksmiðjan nú verið rekin á Sauðárkróki í yfir 20 ár í mjög góðri sátt við samfélagið, þrátt fyrir nálægð við íbúabyggð, frístundaiðkun og aðra atvinnustarfsssemi.

Helstu umhverfisáhrif felast í urðun úrgangs á urðunarstað auk þess sem reykur frá verksmiðjunni er sýnilegur við ákveðin veðurskilyrði og lyktar frá útblæstri getur stöku sinnum orðið vart í norðvestanátt. Ríkjandi vindáttir eru norðaustan og suðvestanáttir.

## 6 Umhverfisstefna

Afurðir Steinullar h.f. eru í eðli sínu orkusparandi þar sem að með góðri einangrun húsa og tækja sparast langt um meiri orka en þarf til framleiðslunnar og hlýtur rekstur slíkra fyrirtækja að vera afar mikilvægur þáttur í viðleitni þjóðanna til að draga úr CO<sub>2</sub> mengun andrúmsloftssins.

Steinull hf. er eitt örfárra íslenskra iðnfyrirtækja sem getur státað af því að nota að lang mestu leiti endurnýjanleg hráefni og orku til framleiðslu sinnar. Helstu hráefni eru tekin úr fjöruborði og af hafsbottni og því ekki um eiginlegar námur að ræða eða jarðvegssár og nær öll orkunotkun fyrirtækisins er nú raforka frá vatnsafls eða jarðgufuvirkjunum.

Stefna fyrirtækisins er að uppfylla alltaf kröfur yfirvalda varðandi umhverfismál og draga eftir mætti úr umhverfisáhrifum af þess völdum. Í gangi eru verkefni með það að markmiði að öll orkunotkun fyrirtækisins til framleiðslunnar verði í formi raforku og unnið er markvisst að því að minnka magn úrgangs með endurnýtingu.

## 7 Framleiðsluferli

Hráefnið sem notað er til framleiðslu steinullarinnar er að stofni til svartur fjörusandur (basalt) sem síðan er blandaður skeljasandi sem myndast hefur á hafsbottni úr skeljum ýmissa skeldýra, ólivin sandi og súráli. Hráefablandan er brædd í rafbræðsluofni við ca. 1550°C. Fljótandi sandurinn rennur síðan á hjól spunavélar, sem þeytir honum af sér með blæstri og

myndar steinullarþræðina sem safnað er saman. Bindi- og rakavarnarefnum er úðað á þræðina og ullin síðan hert í sérstökum hersluofni þar sem bindiefnir ummyndast í svokallað „bakelite“. Eftir herslu er steinullin kæld og hún skorin í þær stærðir sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Á sumar vörutegundir eru límd yfirborðsefni svo sem glertrefjadúkur, álpappír, vindpappír o.fl.

## 8 Aðföng og orka

### 8.1 Hráefnanotkun

Eins og áður segir er aðal hráefni íslensku steinullarinnar basalt sandur sem tekin er úr fjöru skammt frá verksmiðjunni. Að auki er blandað við basaltsandinn skeljasandi sem dælt er af botni Faxaflóa og fluttur til verksmiðjunnar í skipsförmum 1000 - 1200 tonn í ferð, olivinsandi frá Noregi, sem einnig er fluttur í skipsförmum til verksmiðjunnar, 1000 – 1200 tonn í ferð og súráli, sem keypt er af Alcan og ekið frá verksmiðju fyrirtækisins í Straumsvík.

Birgjar eru vel upplýstir um fyrirtækið og þeim ber að haga sínum afgreiðslum í samræmi við lög og reglur svo sem varðandi merkingar og annað sem máli skiptir um meðferð aðfanganna, geymslu og flutning.

Hráefni eru geymd á verksmiðjulóð vestan verksmiðjuhúss í 5 metra háum básum sem myndaðir eru með gánum sem verja þau fyrir höfuðvindáttum.

### 8.2 Orka

Orkunotkuninni má skipta samkvæmt eftirfarandi:

- Bræðsluofn, raforka til bræðslu á hráefnum.
- Rafhitari, raforka til herslu bindiefna.
- Vélar og ljós, raforka til annarra nota en að ofan greinir.
- Sandþurrkun, flotadiselolía til þurrkunar á sandi.

### 8.3 Vatn

Verksmiðjan notar bæði heitt og kalt vatn til framleiðslunnar sem og til upphitunar og kælingar á búnaði. Vatn kaupir fyrirtækið af Skagafjarðarveitum. Einig notar fyrirtækið vatn úr Gönguskarðsá til kælingar á búnaði í lokuðum kælikerfum og skilar því aftur ómenguðu í ánnu.

## **8.4 Bindiefni**

Fyrirtækið notar við framleiðslu sína bindiefni sem sum hver falla undir ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Helstu tegundir bindiefna eru Phenol resin, 20% ammoniaklausn, urea , silane og ammonium súlfat. Þessum efnunum er blandað saman við vatn í ákveðnum hlutföllum og úðað á steinullarþræðina um leið og þeir eru spunnir. Magn bindefna er 0,5% – 3,5% af þunga afurða, misjafnt eftir framleiðslutegundum. Rykbindiolíu er einnig bætt í blönduna og nemur magn hennar u.p.b. 0,2%. Í lokaferli framleiðslunnar eru bindiefni bökuð/hert og gefa þau ullinni styrk og/eða fjöðrun auk þess að vatnsverja hana og draga úr rykmengun.

## **8.5 Rafskaut**

Forbökuð grafit rafskaut eru notuð til straumfæðingar í rafbræðsluofni.

## **8.6 Smurolía**

Ýmsar olíur til smurnings tækja og kælingar eru notaðar í verksmiðjunni. Notkun smurolíu árið 2005 var um 6,5 tonn.

## **8.7 Álímingarefni**

Á yfirborð nokkurra framleiðslutegunda eru límd álímingarefni þ.e. pappír, áldúkur eða glertrefjadúkur. Þessi efni koma með lími á öðru yfirborði sem er hitað á hitavalsi í framleiðslulínunni og þannig límd á ullina. Mest er notað af álfilmu og pappír og hefur nýting á þessum efnunum verið viðunandi en það sem af gengur er urðað með öðrum úrgangi á sorphaugum Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

## **8.8 Umbúðir**

Umbúðir eru plastfilma, merkimiðar og vörubretti.

# **9 Útblástur**

Útblásturloft fer að mestu um 40 metra háan reykháf eða um 100.000 Nm<sup>3</sup>/klst. en auk þess að nokkru um ryksíu frá skurðarsvæði og ósíð frá kælingu ullan (alls um 20.000 Nm<sup>3</sup>/klst.) og sýna mælingar sem framkvæmdar hafa verið annað hvert ár á lofti sem fer um skorstein að ryk og efnamagn í útblásturslofti er langt innan viðmiðunarmarka starfsleyfis. Mælingar á ryk og efnainnihaldi í vinnuumhverfi starfsmanna sýna jafnframt að hvorutveggja er langt innan viðmiðunarmarka.

Niðurstöður síðustu mælinga sem framkvæmdar voru í nóvember 2004 voru:

- Ryk 9,3 mg/Nm<sup>3</sup> (Mengunarmörk 100 mg/Nm<sup>3</sup>)
- Ammoniak 27,0 mg/Nm<sup>3</sup> (Mengunarmörk 50 mg/Nm<sup>3</sup>)
- Phenol 13,0 mg/Nm<sup>3</sup> (Mengunarmörk 20 mg/Nm<sup>3</sup>)
- Formaldehyd 3,3 mg/Nm<sup>3</sup> (Mengunarmörk 15 mg/Nm<sup>3</sup>)

Fallryksmælingar, þ.e. mælingar á ryki í andrúmslofti, sem framkvæmdar hafa verið eftir að verksmiðjan tók til starfa (1995), sýna sambærilegar niðurstöður og mælingar sem framkvæmdar voru á sömu stöðum áður en verksmiðjan tók til starfa.

## **10 Rekstur hreinsivirkja**

Rekstur hreinsivirkja, þ.e. hráefnasíu, safnfæribandssíu og rykafogssíu gekk vel á árinu 2005 og virknitími nánast 100%. Eldur varð þó tvívegis laus í neðra rými safnfæribandssíu á árinu og brunnu síuplötur. Eldurinn var þegar slökktur og síuplötur endurnýjaðar, einnig kviknaði í afsogskerfi hersluofns og þurfti að endurnýja hluta þess. Viðhald hreinsivirkja er forgangsmál og áhersla lögð á að vandað sé til efnis og allra verka. Rekstraröryggið er tryggt með kerfisbundnu viðhaldi á vél- og rafbúnaði. Alltaf eru á bakvakt samtímis vélvirki og rafvirki þegar framleiðsla er í gangi.

## **11 Hávaði**

Hávaði frá starfsseminni utan verksmiðjuhúss er mjög óverulegur og hafa engar kvartanir um hávaða borist. Hefur því ekki þótt ástæða til að framkvæma sérstakar mælingar á hávaða.

## **12 Afrennsli**

Ekkert frárennsli er frá verksmiðjunni annað en frá salerni, þakrennum og lokuðum kælikefum.

## **13 Fastur úrgangur**

Allur úrgangur er urðaður á sorphaugum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem hefur tekist á hendur allar skyldur varðandi frágang og umhirðu á urðunarstað. Uppruni þessa úrgangs og ráðstöfun er:

- Óspunninn sandur frá spunavélum er urðaður á sorphaugum og inniheldur óverulegar bindiefnaleifar.

- Hrafntinna frá bræðsluofni rennur í kjallaraþró þegar ullanframleiðsla er stöðvuð vegna þrifa eða viðgerða á framleiðslulínu. Hrein jarðefni eru notuð til uppfyllingar á verksmiðjulóð.
- Hluti járnins í hráefnum hvarfast í hreint járn og sest í botn bræðsluofnsins og er því tappað undan þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hin síðari ár hafa járnkökurnar verið geymdar á lóð verksmiðjunnar og er ætlað að senda í endurvinnslu.
- Við þurrkun á sandi fellur til steinefnaryk frá ryksíu, sem losað hefur verið í Gönguskarðsá sem skilar því aftur til sjávar. Við sögun og skurð fellur til ullarryk sem urðað er á sorphaugum, inniheldur hún engin óhert bindiefni.
- Ull sem fellur til við þvott á safnfæribandi inniheldur nokkurt magn óhertra bindiefna. Er hún urðuð á sorphaugum.
- Steinullarplötur sem notaðar eru til að sía útblástursloft frá safnfæribandi er skipt út á tveggja til þriggja vikna fresti. Innihalda þær nokkurt magn óhertra bindiefna og eru urðaðar á sorphaugum.
- Úrkast er ull sem fellur til við framleiðsluskipti og vegna framleiðslugalla og inniheldur hún hert bindiefni. Urðað á sorphaugum.
- Olíu og feiti sem notuð hefur verið til smyrja og/eða kæla vélbúnað er safnað á úrgangstank til endurvinnslu.
- Vélum og rafbúnaði sem úreldist er safnað á brotamálmsaug til endurnýtingar.

## 14 Flutningar

Afurðir fyrirtækisins eru afar rúmfrekar og því um verulega flutninga frá fyrirtækinu að ræða en nær allar afurðir á innanlandmarkað og gámar til útflutnings eru fluttir með flutningabifreiðum til Reykjavíkur Árið 2005 námu þessir flutningar:

- Innanlands 102.188 m<sup>3</sup>
- Útflutningur 35.517 m<sup>3</sup>

Þetta samsvarar því að að meðaltali fari hvern almanaksdag, u.b.b. 4 fulllestaðir flutningabílar með afurðir á innanlandmarkað og til útflutningshafnar í Reykjavík.

Basaltsandur er fluttur með flutningabílum úr fjöru í nágrenni verksmiðju, skeljasandur og olivinsandur laus í skipum og súrál frá Straumsvík í segmentsflutningavagni. Bindiefni í 20 feta tankgámum og annað í gámum eða með bílum.

Vegna innmötunar hráefnis, hleðslu flutningatækja og flutninga gáma frá verksmiðju til hafnarsvæðis rekur fyrirtækið dieselknúið ámoksturstæki, einn dieselknúinn lyftara, þrjá rafmagnslyftara, gámavagn og dráttarbíl. Diesolíunotkun þessarra tækja árið 2005 var 13.347 lítrar.

## 15 Massajafnvægi

Í meðfylgjandi töflum er í stórum dráttum gerð grein fyrir efnis og orkunotkun Steinullar hf. árið 2005 og þeim úrgangi, sem fellur til við framleiðsluna á Sauðárkróki. Hafa verður í huga að aðeins hráefnin eru nákvæmlega vegin inn í verksmiðjuna en framleiðsla og úrgangur frá verksmiðjunni er ekki nákvæmlega vigtaður. Enda þótt uppgefnar magntölur byggi á úrtaki er ónákvæmni óveruleg. Um þessar mundir er verið að taka í notkun vogir til nákvæmar vigtunar á framleiðslumagni.

Flestar tölur í þessari skýrslu um notkun aðfanga og umhverfisáhrif verða sýndar sem hlutfallstölur miðað við fyrsta bókhaldsár græns bókhalds þ.e. árið 2003 sem grunnár, þar sem stjórn fyrirtækisins telur að í þeim tilvikum sé um viðkvæmar upplýsingar að ræða sem flokkaðar eru sem framleiðsluleyndarmál.

## 15.1 Efni inn árið 2005

### Hráefni:

Basaltsandur .....	127 *
Skeljasandur .....	120 *
Olivinsandur .....	97 *
Súrál .....	105 *
Magn hráefna samtals .....	<b>12570 tonn</b>

### Bindiefni:

Resin M421 .....	143 *
Ammoníaklausn 20% .....	133 *
Urea 45% N .....	146 *
Silane A 1000 .....	125 *
Ammoniumsulfat 21% N .....	96 *
Rykbindiolía Garo 217 .....	119 *
Vatn .....	131 *
Magn bindiefna samtals .....	<b>2264 tonn</b>

### Hjálparefni:

Rafskaut .....	114 *
Álímungarefni .....	92 *
Umbúðaplast,lím og merkimiðar .....	120 *
Vörubretti .....	159 *
Magn hjálparefna samtals .....	<b>647 tonn</b>

<b>Samtals efni inn .....</b>	<b>15482 tonn</b>
-------------------------------	-------------------

\* Hlutfallstölur með árið 2003 sem grunnár

## 15.2 Efni út árið 2005

### Framleiðsla:

Söluvara 1. flokkur .....	130 *
Söluvara lausull .....	128 *
Umbúðir .....	148 *
Framleitt magn samtals .....	<b>9914 tonn</b>

### Útblástur:

Glæðitöp .....	97 *
Vatnsgufa .....	134 *
Útblástur, ryk,efni .....	100 *
Magn útblásturs samtals .....	<b>2857 tonn</b>

### Úrgangur:

Óspunnið frá spunavélum .....	107 *
Hrafntinna .....	88 *
Járn .....	130 *
Ryk frá síum .....	130 *
Ull frá þvottatromlu .....	130 *
Plötur úr síuhúsi .....	130 *
Framleiðsluúrkast .....	69 *
Magn úrgangs samtals .....	<b>2711 tonn</b>

**Samtals efni út .....** **15482 tonn**

\* Hlutfallstölur með árið 2003 sem grunnár

## 15.3 Orkunotkun 2005

### Raforka:

Bræðsla hráefna .....	100 *	124 *
Hersla bindiefna .....	100 *	117 *
Vélar og ljós .....	100 *	116 *
Raforkunotkun samtals .....	<b>3725 kW</b>	<b>21,52 GWh</b>

### Olía:

Flotadieselolía ( hráefnaþurrkun ) .....	134 *
Dieselolía ( farartæki ) .....	123 *
Olíunotkun samtals .....	<b>168492 kg</b>

### Vatn:

Heitt vatn .....	13600 m <sup>3</sup>
Kalt vatn .....	42682 m <sup>3</sup>

## 15.4 Hjálparefni 2005

### Álímungarefni:

Vindpappi .....	126 *
Áldúkur .....	84 *
Glertrrefjadúkur .....	101 *
Magn álímungarefna samtals .....	<b>839624 m<sup>2</sup></b>

Forbökuð rafskaut .....	114 *
Ýmsar olíur .....	120 *

\* Hlutfallstölur með árið 2003 sem grunnár